

# Landsamband Æskulýðsfélaga Framkvæmdastjórnarfundur

## Landsambands æskulýðsfélaga

Haldin á skrifstou LÆF í Hinu Húsinu  
Mánudaginn 20. október 2008  
Frá kl 18 til 19

**Mættir fundarmenn:** Davíð Örn Sveinbjörnsson, ritari (DÖS), Jón Þorsteinn Sigurðsson, formaður (JPS), Pálína Björk Matthíasdóttir, alþjóðafulltrúi (PBM) og Sindri Snær Einarsson, varaformaður (SSE). Framkvæmdstjóri, Hildur Tryggvadóttir Flóvenz (HTF) sat fundinn.

1. Fundur settur kl 18:01 og fundargerð síðasta fundar lögð fram til samþykktar. fundargerð samþykkt með athugasemd um að rita skuli full nöfn fundarmanna

### 2. Aðalfundur YFJ í Rottedam 13. til 15. nóv

- Niðurstöður um fulltrúa

Sótt var um undanþágu um að senda 2 konur á fundinn og fá styrk vegna þeirra. → Það kom bara fram bréf um að mikill skilningur væri á aðstæðum, en að ekki væri hægt að verða við beiðninni.

Endurgreiðsla vegna flugs Sindra nægir til að greiða hinn miðann, en annar miðinn verður styrktur af Youth Forum YFJ.

Ljóst er að PBM og HTF fara báðar.

### 3. Fundir með fjárlaganefnd og þingmönnum sem í henni sitja

- Staða á fundum

JP hefur reynt að ná í nokkra þingmenn en fær fá svör. Aðrir í framkvæmdastjórn hafa ekki náð tali af þingmönnum.

Lagt er til og samþykkt að stjórnin hafi samband við Agnar.

Mikil framtakssemi hefur verið hjá Höskuldi Sæmundssyni og verið er að leggja lokahönd á bókhaldið 2007 og Kjartan skoðunarmaður getur þá ritað undir reikningana.

### 4. Erindi frá starfandi gjaldkera LÆF

JPS sem starfandi gjaldkeri, og fór yfir bókhaldið síðastliðinn þriðjudag, það leit allt vel út. JPS hrósar framkvæmdastjóra okkar.

- Fjárhagstaða LÆF fram að áramótum

Svipuð og síðast, ekki hefur enn borist svar hjá æskulýðssjóði. Ef við fáum styrk fyrir öllu sem sótt var um gæti félagið átt einhvern pening til aukinna framkvæmda.

Reikningur frá Finnska ungmennaráðinu (youth council) fannst sem hljóðaði upp á 1150 evrur vegna all different all equal tattoo's. HTF sendi tölvupóst með fyrirspurn um þessu. Beðið er svara.

## 5. Þing ungarfólksins

- Staða á verkefninu

Engin breyting á þessu verkefni. Hefur ekki verið efst á listanum hjá landsamböndum ungliðahreyfinga stjórnaráðflokka. Frestað áframhaldandi.

## 6. Kynning hjá ASÍ

Stjórnin ætlar að deila með sér vöktum á Nordica hóteli.

JPS ætlar að 9:30-10:30 á fimmtudeginum, og e-ð eftir hádegi á föstudeginum

HTF ætlar að 9-11:30 föstudeginum og verið frá skólalokum og til 15.

DÖS ætlar að vera 11:00 – 13:00 á föstudeginum

HTF undirbýr uppsetningu á básnum okkar og setur hann upp á miðvikudeginum.

Ásta í ASÍ er ánægð með að við skulum koma.

## 7. Fulltrúa í fulltrúaráð

- Fulltrúi frá félögum stjórnarmanna → PBM hefur ekki enn fundið fulltrúa

DÖS er búin að biðja starfsmann KSH að finna fulltrúa.

Sindri er kominn með fulltrúa úr sínu aðildarfélagi

JPS er búinn að nefna þetta við eina úr aðildarfélagi sínu sem er að hugsa sig um.

*Varðandi önnur félög*

- I.O.G.T. kominn er fulltrúi þar.
- Erfitt hefur reynst að ná í AIESEC → DÖS mun hafa samband
- Sumarbúðir barna → erfitt að ná í þá.
- Stúdentafélögin → DÖS hefur samband,
- SUF hefur þegar tilnefnt

- Ný dagsetning er komin á fulltrúaráðsfundi → Hugmynd um að hafa fulltrúaráðsfund snemma í janúar. Jafnvel að hafa fundinn 10. janúar eða 17. janúar. Hugmyndin re samþykkt samhljóða.

## 8. Æskulýðsjóður

- Staða á umsókn.

JPS heyrði í Erlendi í vikunni sem leið, og menntamálaráðherra fer að senda út bréf til aðildarfélaga sem hafa sótt um, ekkert hefur birst á vefnum.

Fyrir næsta umsóknarfrest er stefnt að því að sækja um pening fyrir málþing → hugsanlegt umræðuefni væri mikilvægi eða áhrif æskulýðsstarfs í krísuástandi. Stefnt verður að því að ná samstarfi við Umboðsmann barna.

## 9. Fundir með MMR

- Óskað hefur verið formlega eftir fundi.

HTF sendi formlegt bréf 10. október, Erlendur er búinn að fá veður af bréfinu, og þau eru tilbúin að funda með okkur einhvern morguninn í næstu viku.

#### **10. Alþjóðamál**

Ekkert nýtt að fréttanna en það sem hefur komið fram í upphafi fundarins.

#### **11. Bréf og önnur skjöl sem borist hafa og þarfnast afgreiðslu**

Ekki til umræðu

#### **12. Önnur mál:**

DÖS kynnti óformlegan fund með Gyðu Karlsdóttur framkvæmdastjóra KFUM & K. En félögin hafa áhuga á að það verði til eitt öflugt landsamband allra æskulýðsfélaga í landinu.

DÖS kynnti nokkur fyrirtæki og félög sem bjóða upp á PR námskeið.

HTF ætlar að kanna hvort að JCI, Ungmennahreyfing Rótarý og AFS séu í LÆF eða hafi áhuga á að ganga í LÆF.

#### **13. Fundi slitið. 18:58**